



Reykjavík 2. mars 2023
MSS23020162

Lagt fyrir fund öldungaráðs 8. mars 2023

Efni: Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra

Umsögn vegna umsókna Eirar í Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Endurnýja þakglugga, járn og rennur í þaki B – húss Eirar

Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun kr. 82.815.976.

Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra kr. 33.126.390

2. Breytingar á skrifstofuaðstöðu fjármálasviðs í A – húsi Eirar

Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun kr. 20.646.200

Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra kr. 8.258.480

3. Framkvæmdir til að bæta nýtingu 1. hæðar í A – húsi Eirar

Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun kr. 40.259.420

Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra kr. 16.103.768

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varðar nauðsynlegar endurbætur og stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.